

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 321/1998.

Marta Guðrún Gylfadóttir

(Óskar Thorarensen hdl.)

gegn

Hundaræktarfélagi Íslands og

siðanefnd Hundaræktarfélags Íslands

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júlí 1998, þar sem sóknaraðila var gert að setja málskostnaðartryggingu vegna máls, sem hún hefur höfðað gegn varnaraðilum. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að kröfu varnaraðila um málskostnaðartryggingu verði hafnað, en til vara, að fjárhæð tryggingarinnar verði lækkuð frá því, sem ákveðið var í hinum kærða úrskurði, og að frestur til að setja hana verði lengdur. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Krafa um málskostnaðartryggingu er reist á því annars vegar, að bú sóknaraðila hafi verið til gjaldþrotaskipta, sem hafi verið lokið 29. júní 1995, og hins vegar, að fram hafi komið beiðni um nauðungarsölu á eign hennar á síðasta ári. Séu með því leiddar líkur að því, að sóknaraðili sé ófær um greiðslu málskostnaðar.

Ekki nýtur gagna í málinu um, með hvaða hætti skiptum var lokið á búi sóknaraðila eða hvaða kröfur á hendur henni og fjárhæðir kunni þá að hafa verið ógreiddar. Engin gögn eru í málinu um núverandi stöðu hugsanlegra krafna frá þeim tíma. Þá nýtur engra gagna um áður nefnda beiðni um nauðungarsölu, um hvaða eign sé þar að ræða, fjárhæð kröfunnar, sem þar var leitað fullnustu á, eða

afdrif nauðungarsölnunnar. Eins og málið liggur fyrir, verður því ekki talið, að skilyrðum b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 sé fullnægt til að taka kröfu varnaraðila til greina. Verður henni því hafnað, en rétt þykir, að aðilar beri sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Hundaræktarfélags Íslands, að sóknaraðila, Mörtu Guðrúnu Gylfadóttur, verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í málinu.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júlí 1998.

Ár 1998, miðvikudag 14. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi, en mál þetta var tekið til úrskurðar 10. júlí sl.

Á dómþingi 25. júní sl. þingfesti Marta Guðrún Gylfadóttir, kt. 090461-5169, Langholti, Kirkjubæjarklaustri, Skaftárhreppi, mál á hendur Hundaræktarfélagi Íslands, kt. 680481-0249, Síðumúla 15, Reykjavík, og síðanefnd Hundaræktarfélagsins og gerði þær kröfur aðallega, að ógiltur yrði með dómi úrskurður síðanefndar Hundaræktarfélagsins, dags. 23. 9. 1996, þar sem stefnanda var vikið úr félaginu í fjögur ár frá úrskurðardegi og réttur hennar til notkunar á ræktunarnafni sínu felldur niður sama tímabil. Þá er þess krafist, að Hundaræktarfélagi Íslands verði gert skylt að veita stefnanda fulla aðild að félaginu að nýju og að hún fái jafnframt fullan rétt til að nota ræktunarnafn sitt. Til vara er þess krafist, að brottvikning stefnanda úr félaginu verði stýtt verulega að mati dómsins og stefnandi fái jafnframt fullan rétt til að nota ræktunarnafn sitt. Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Við þingfestingu málsins lagði stefndi fram bókun, þar sem hann krefst málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, þ. e. a. s., ef leiða megi líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar, og lagði stefndi fram upplýsingar um, að bú stefnanda hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta og skiptum verið lokið 29. júní 1995. Þá liggja fyrir upplýsingar um, að 8. febrúar 1997 hafi verið auglýst uppboð hjá stefnanda. Af hálfu stefnanda hefur þessum

gögnum ekki verið mótmælt, en bent á, að þrjú ár séu liðin frá skiptalokum og ekki hafi tekist að afla gagna um þær kröfur, sem greiddar hafi verið.

Ljóst er af gögnum málsins, að fjárhagsstaða bús stefnanda er slæm, svo sem fram kom í fyrirtöku málsins og fram lögðum gögnum, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Af hálfu stefnanda hefur kröfunni um málskostnaðartryggingu verið mótmælt, en hún hefur ekki lýst yfir, að hún sé fær um að greiða tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir rétt að taka til greina kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda í máli þessu. Þykir fjárhæð tryggingarinnar hæfilega ákveðin 200.000 kr., og skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð. Ber að afhenda dóminum skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnanda, Mörtu Guðrúnu Gylfadóttur, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 200.000 kr., fyrir greiðslu málskostnaðar í málinu E-3349/1998. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.
